

2. Stjórnarfundur 29. Janúar 2007

Mættir: Dagmar, Inga Þóra, Rakel, Elín og Snæbjörn.

Ákveðið var að senda bréf til að minna þá foreldra á, sem eru bekkjafulltrúar frá janúar til mars, og ekki hafa fundið neitt til að gera með bekkjunum ennþá að það er að nógu að taka og fullt hægt að gera með börnunum.

Svo var rætt um, en ekkert ákveðið hvenær ætti að hafa næsta foreldrafélagsfund og hvaða málefni ætti að kynna á fundinum og þessar tillögur komu um fyrirlestra:

Kynna fyrir foreldrum, Gosateymið sem er starfrækt hjá HSS.

Eða kynna Olweusar eineltisverkefnið

Ræða um breytingar á grunnskólalögum.

Upp kom tillaga um að foreldrar greiði til foreldrafélags Stóru-Vogaskóla, samanber handbók foreldraráðs og foreldrafélags sem unninn af **Heimili og skóla 2007**, svo að foreldrafélagið gæti eignast einhverja peninga, því að það er mjög erfitt að halda úti einhverri starfsemi ef það eru ekki til neinir peningar.

Næsti fundur verður haldinn 12 mars 2007 kl 15.00 í Stóru-Vogaskóla